

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar,
nr. 265 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 620.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 2 300.00 fyrir hvert skip, auk kr. 5.80 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 500.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 120.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 166 29. apríl 1976.

Samgönguráðuneytið, 23. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Kópaskerskaupþún.

I. KAFLI**Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Kópaskershöfn takmarkast að sunnan af línu, sem dregin er úr Brekkuskeri réttvísandi í vestur, að norðan af línu, sem dregin er úr Langaskeri, einnig réttvísandi vestur, og að vestan af línu, sem dregin er frá norðri til suðurs, hornrétt á áður-nefndar línur og 1.5 km. vestur úr Brekkuskeri.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar og rekstur.****2. gr.**

Hreppsnefnd Presthólahrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins. Hún kys á fyrsta fundi sínum þriggja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann og starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið, ef þurfa þykir. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.